

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Hinriks Greipssonar  
Skúlagata 4  
101 Reykjavík

Tálknafirði 20. desember 2016

**Varðar : Reglur Tálknafjarðarhrepps um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2016/2017**

Undirritaður f.h. Steglu ehf., Miðtúni 18, 460 Tálknafirði, sem er útgerðaraðili Sæla BA-333 (2694), vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við reglur og rökstuðning Tálknafjarðarhrepps um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2016/2017.

Fram til þessa hefur verið sátt um úthlutun byggðakvóta á Tálknafirði að því leyti að úthlutað hefur verið skv. reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Á síðasta ári varð samfélagið á Tálknafirði fyrir miklu áfalli er Þórsberg ehf., lokað fiskvinnslu sinni á staðnum, þá ákvað sveitarstjórn að úthluta byggðakvóta sveitarfélagsins á fiskveiðiárinu 2015/2016 skv. reglugerðinni, með einni breytingu sem var sú að afla skyldi landað til vinnslu á atvinnusvæðinu Vestur Barðastrandasýslu. Undirritaður gerði skriflegan samning við Odda hf., fiskvinnslu og útgerð á Patreksfirði um fiskkaup.

Undirritaður fékk munnlega staðfestingu á því frá Indriða Indriðasyni oddvita/sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps í upphafi þessa fiskveiðiárs að sama fyrirkomulag yrði á úthlutun byggðakvóta þessa árs, engin ástæða væri til að hans sögn og í raun varhugavert að hrófla við fyrirkomulagi sem gengið hafði vel.

Á 505.fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps þann 15.nóvember s.l. var afgreiðsla um úthlutun byggðakvóta frestað. Ástæða frestunar var skv. upplýsingum frá oddvita/sveitarstjóra sú, að fyrir lá erindi til sveitarstjórnar þess efnis að breyta úthlutunarreglum um byggðakvóta og hafði sveitarstjórn þá þegar fundað með þeim aðilum sem báru upp erindið en undirritaður var hvorki upplýstur um né boðaður á þann fund. Þá fékk sveitarstjóri á sinn fund fulltrúa frá Odda hf. á Patreksfirði, þar lýstu fulltrúar Odda hf. því yfir að þeir væru tilbúnir að gera vinnslusamning við þá aðila sem rétt myndu eiga til byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017.

Samhliða ákvörðun sveitarstjórnar á 505.fundi um frestun afgreiðslu var sveitarstjóra falið að boða til fundar með hagsmunaaðilum og sveitarstjórn innan 10 daga. Sá fundur var boðaður og haldinn 30.nóvember s.l., á þessum fundi var það skilningur undirritaðs að þar hafi verið samþykkt sáttatillaga þess efnis að 20% úthlutaðs byggðakvóta yrði skipt jafnt á milli báta en 80% í hlutfalli við landaðan afla á fiskveiðiárinu 2015 – 2016.

Á 506.fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps þann 8. desember s.l. var borin upp af oddvita sú tillaga sem ráðuneytið hefur til meðferðar, um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps 2016/2017, sem var samþykkt af sveitarstjórn með þrem atkvæðum, einn sat hjá.

Skv. rökstuðningi Tálknafjarðarhrepps er markmiðið með breytingum á úthlutunarreglum á Tálknafirði þessar :


- *Að styðja við þá aðila sem eru í útgerð á Tálknafirði.*  
 Á það skal bent að Sæli BA-333 hefur verið gerður út frá Tálknafirði á ársgrundvelli og hefur landað öllum afla til vinnslu á atvinnusvæðinu sbr. úthlutunarreglur um byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps fyrir fiskveiðiárið 2015/2016. Einnig er útgerðin í samvinnu við Byggðastofnun og Odda hf. (áður í samvinnu við Þórsberg ehf.) og hefur skuldbundið sig til að landa öllum afla til vinnslu og þannig stutt við atvinnu í sveitarfélaginu sem og atvinnusvæðinu. Heilsárs stöðugildi eru sex með tilheyrandi útsvarstekjum, ásamt aflagjaldi og þjónustugjöldum til hafnarinnar. Með breytingum á úthlutunarreglum er þessi eini bátur skertur verulega á milli ára, sem bitnar fyrst og síðast á starfsfólki undirritaðs. Þá má spyrja hvað hafi breyst í útgerðarmynstri á Tálknafirði ef horft er yfir sviðið fyrir og eftir lokun Þórsbergs ehf. og það fyrirtæki tekið út fyrir sviga. Hingað til hefur það þótt sanngjarnt að úthluta skv. reglugerð ráðuneytisins þar um, en að mati undirritaðs, óútskýrt og órökstutt er því breytt.
- *Heimila aðilum sem hafa leyfi til frístundaveiða að fá hlut í byggðakvóta.*  
 Undirritaður vill benda á að ferðaþjónusta með leyfi til frístundaveiða selur sínar ferðir á þann hátt að viðskiptavinurinn greiðir fyrir gistingu, leigu á bát, olíu, veiðarfæri, en allur afli sem kemur á land er eign ferðaþjónustunnar, því er rekstrargrundvöllur þeirra báta annar en útgerða sem halda úti sínum rekstri með tilheyrandi atvinnu allt árið um kring. Þá orkar tvímælis að Tálknafjarðarhreppur er hluthafi í Iceland Sea Angling hf., sem rekur umrædda ferðaþjónustu á Tálknafirði.
- *Fallið verður frá vinnsluskyldu.*  
 Að tala um að það þjóni ekki hagsmunum Tálknafjarðar að afli sé unninn á atvinnusvæðinu er í hæsta máta undarlegur rökstuðningur og undirritaður fær ekki séð að hann haldi. Fiskvinnslan Oddi hf., veitir atvinnu fólki sem eru með lögheimili á Tálknafirði og það að styðja ekki við vinnslu á atvinnusvæðinu skerðir atvinnusókn sem og útsvarstekjur sveitarfélagsins. Starfsmenn Odda hf. og Steglu ehf., hafa verið meðal hæstu ef ekki hæstu útsvarsgreiðendur í Tálknafjarðarhreppi um nokkura ára bil. Þá kemur fram í rökstuðningi að fallið sé frá vinnsluskyldu til að létta af ferðaþjónustu þeirri kvöð, sem eru með leyfi til frístundaveiða. Athygli er vakin á því að sú ferðaþjónusta hefur starfað á Tálknafirði um áratug og er undirrituðum ekki kunnugt um að þeir hafi hingað til verið skyldugir að landa afla til vinnslu og því eiga þessi rök enga stoð hvað þann rekstur varðar.
- *Auka umsvif hafnarinnar.*  
 Bátar með leyfi til frístundaveiða, ekki verður séð að aflinn verði meiri um höfnina þar sem það er enginn hvati fyrir viðskiptavini þess félags að bera meiri afla að landi, en fyrirtækið þarf að leigja færri þorskígildiskíló til rekstursins. Bátar með strandveiðileyfi. Í 4.mgr. 6.gr.a. segir : frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Skv. þessu verða bátar með strandveiðileyfi að veiða byggðakvóta fyrir 1.maí 2017. Með þeirri breytingu að skipta jafnt á milli báta getur sú staða komið upp að menn nái ekki að veiða byggðakvóta fyrir tiltekið tímabil, þá þurfa þeir annaðhvort að sleppa strandveiðum eða flytja heimildir yfir á næsta fiskveiðiár. Það er ekki með nokkru móti hægt að sjá hvernig umsvif hafnarinnar eigi að aukast við að úthluta 138 tonnum á sem flesta báta. Það eru alltaf sömu kg sem koma að landi.

Í 2.gr.reglugerðar 641/2016 segir : Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórna að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Þegar heildarmyndin skoðuð telur undirritaður að breytingar þær sem sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til uppfylli ekki ákvæði 2.gr. reglugerðar 641/2016.

Í rökstuðningi sveitarstjórnar stendur að það *sé afar mikilvægt fyrir sveitarfélagið að styðja við þessa nýju vaxtarsprotu með öllum tiltækum ráðum*, en höggva um leið í útgerð sem hefur verið mikilvæg undirstaða atvinnulífs á Tálknafirði og ekki fyrirhugað að nein breyting verði þar á. Skilaboðin eru þau að betra er að deila til þeirra sem stunda útgerð, hluta úr ári með annarri vinnu, í stað þeirra sem halda úti atvinnurekstri allt árið um kring. Að sveitarstjórn skuli halda því fram að breytingarnar styðji við útgerð undirritaðs er eins og köld gusa í andlitið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Stegla ehf.,



Tryggvi Ársælsson

**Stegla ehf.**

Kt. 540102-5540 • Vsk. 74781  
Miðtún 1B • 460 Tálknafjörður.